

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt nr. 772/1999 um hundahald í Árborg.

#### 1. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Fyrir hönd bæjarstjórnar annast eftirlitsmaður á hennar vegum framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í sveitarfélaginu Árborg. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu við framkvæmd starfa sinna, ef hundur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu og/eða eigandi eða vörsluaðili hundsins tálmar starfi eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari og almannahagsmunir og/eða heilbrigðissjónarmið valda því að nauðsynlegt er að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja hund. Að öðru leyti starfar hundaeftirlitsmaður undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við sín eftirlitsstörf.

#### 2. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 17. desember 2001.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## STARFSREGLUR

### fyrir kærunefnd útboðsmála.

#### 1. gr.

*Hlutverk og starfssvið.*

Hlutverk kærunefndar útboðsmála er að leysa með skjótum og óhlutdrægum hætti úr kærur einstaklinga og lögaðila vegna ætlaðra brota á lögum nr. 94/2001 um opinber innkaup og reglum settum samkvæmt þeim.

Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum. Úrskurðum hennar og ákvörðunum samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Að beiðni fjármálaráðuneytis eða tiltekins kaupanda er nefndinni heimilt að gefa ráðgefandi álit á tilteknum innkaupum þótt engin kæra hafi borist. Ákveði nefndin að gefa ráðgefandi álit skal haga málsmeðferð eftir starfsreglum þessum og XIII. kafla laga nr. 94/2001 eftir því sem við á.

#### 2. gr.

*Málskotsréttur.*

Heimild til að skjóta málum til nefndarinnar hafa þeir einstaklingar og lögaðilar sem njóta réttinda samkvæmt lögum nr. 94/2001 eða reglum settum samkvæmt þeim og hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn máls.